

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 112/1954. **Ákærvaldið** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

Ingimundi Bjarnasyni (Magnús Thorlacius).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ákæra um brot á iðnaðarlöggjöf.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali er ákærða gefið að sök, að hann hafi sumarið og haustið 1952 unnið við að setja rúður í glugga og gera við glugga í húsum hér í bæ án þess að hafa iðnréttindi til slíkra starfa.

Ákærði hefur kannast við að hafa sett rúður í glugga fyrir fólk, en þó eingöngu í glugga, þar sem rúður hafa brotnað. Kveður hann starfsemi sína aðeins hafa verið fölgna í því að taka glerbrot úr gluggum og hreinsa gluggakistuna, setja síðan nýja rúðu í og negla hana og „kítta“. Hann neitar því, að hann hafi fengist við viðgerð á gluggum, heldur kveðst hann aðeins hafa sett í þá rúður. Er ekki leitt í ljós, að nefnd starfsemi hans á þeim tíma, sem ákæra tekur til, hafi verið með öðrum hætti en hann hefur kannast við.

Framangreind starfsemi ákærða getur ekki talist til húsa-smíði, eins og það hugtak er markað í iðnlöggjöfinni, og sérstaklega má geta þess, að ákvæði í reglugerð um iðnaðarnám nr. 38/1941, 13. gr., 26. tölulið, staflið c, 7, og reglugerð um iðnfræðslu nr. 130/1952, 59. gr., 35. tölulið, III, 6, verða ekki skýrð svo, að iðnnám og próf þurfi til nefndrar starfsemi ákærða. Ber því að sýkna hann af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan kostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða í héraði, kr. 800.00, og laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 1200.00 til hvors.

Verknaðarlýsing í ákæruskjali er ekki nægjanlega nákvæm, þar sem þar eru ekki greind einstök tilvik, sem ákærði er sakaður um, sbr. 2. tölulið 2. mgr. 115. gr. laga nr. 27/1951.

Rannsóknardómarinn hefur veitt viðtöku og lagt fram í málinu mörg utanréttarvottorð, án þess að fyrir hendi væru skilyrði til þess samkvæmt 2. mgr. 102. gr. laga nr. 27/1951, og ber að átelja það.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimundur Bjarnason, á að vera sýkn af kröfum ákærvaldsins í máli þessu.

Allan kostnað sakarinnar ber að greiða úr ríkissjóði, þar með talin laun verjanda ákærða í héraði, Þorvalds Þórarinssonar héraðsdómslögmanns, kr. 800.00, og laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Jóns N. Sigurðssonar og Magnúsar Thorlacius, kr. 1200.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. janúar 1954.

Ár 1954, föstudaginn 11. júní, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem, fulltrúa sakadómarara, ásamt meðdómsmönnum Birni Rögnvaldssyni og Sveini Björnssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2580/1954: Ákærvaldið gegn Ingimundi Bjarnasyni, sem dómtekið var 24. maí s.l.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómismálaráðherra, dagsettu 16. desember 1952, gegn Ingimundi Bjarnasyni verkamanni, Laugaveg 47, hér í bæ, fyrir að hafa sumarið og haustið 1952 unnið við að setja rúður í glugga og gera við glugga í húsum hér í bæ, án þess að hafa iðnréttindi til slíkra starfa, en brot þessi eru talin varða við 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. nóvember 1919 að Miðdal í Kjós. Þann 21. maí 1952 var hann sektaður í Reykjavík með dómsátt um 300.00 kr. fyrir brot á 2. mgr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927, en hefur að öðru leyti hvorki sætt kærú né refsingu.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 23. júní 1952, kærði Pétur Jóhannesson það f. h. Trésmiðafélags Reykjavíkur, að ákærði í máli þessu, Ingimundur Bjarnason, hefði það að atvinnu að setja í rúður og gera við glugga í húsum hér í bæ. Var tekið fram í kærinni, að ákærði hefði verið staðinn að verki við framangreinda starfsemi sína á mörgum stöðum, t. d. Pósthússtræti 13, Miklubraut 90 og Bókabúð

Braga Brynjólfssonar. Þann 21. maí 1952 hafði ákærði undirgengizt með dómsátt sekt fyrir þessa starfsemi sína.

Pétur Jóhannesson hefur mætt sem vitni í máli þessu og staðfest kærú sína. Vitnið kvað ákærða hafa hafið framangreinda starfsemi sína fyrir um ári áður en kærú var dagsett, og haldið henni áfram, eftir að hann gekkst undir sektina með dómsáttinni.

Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi fengizt við að setja rúður í glugga, eftir að dómsáttin var gerð við hann 21. maí 1952. Starfsemi sína kvað hann vera í því fölgna að taka glerbrot úr gluggum, þar sem rúður hefðu brotnað, hreinsa síðan gluggakistuna, setja nýja rúðu í, kitta hana og negla. Ákærði kvaðst aðeins hafa sett rúður í glugga, þar sem rúða hefði verið áður. Ákærði mót-mælti því, að hann hefði gert við glugga. Ákærði kvaðst í síðari rannsókn málsins hafa tekið 18 kr. á tímann fyrir starfa sinn, en hann er í Verkalýðsfélaginu „Esju“, og er tímakaup þar 14 kr. á klst. Vitnið Pétur Jóhannesson gat ekki bent á, að ákærði hefði unnið að því að gera við glugga, nema að það taldi víst, að hann hefði verið að verki að Hverfisgötu 90, en til þess tilviks náði dóm-sáttin 21. maí 1952.

Mál þetta var sent Iðnráði til umsagnar. Taldi það kærúna á rökum reista. Kvað það rúðúisetningu og aðrar gluggaviðgerðir til-heyra tvímælalaust fagi húsasmiða, en ákærði hefði ekki réttindi í þeirri iðngrein.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þá þykja ekki nægar sannanir hafa fengizt fyrir því, að ákærði hafi lagt stund á við-gerðir á gluggum. Ber því að sýkna hann af þeim lið ákærunnar. Hins vegar er nægilega sannað með játningum hans og öðru, að hann hefur fengizt við að setja rúður í glugga. Ákærði hefur talið sér þessa starfsemi heimila, þar sem hún tilheyri ekki sérsviði húsasmiða og færi því ekki í bága við lagaákvæði þau, er í ákæru-skjali greinir. Væri því hverjum sem er heimilt að stunda hana, án þess að hafa iðnréttindi í húsasmiði, enda hefði slíkt verið lát-ið afskiptalaust af trésmiðum og þeir ekki fengizt til starfsins. Þá var á það bent af hálfu ákærða, að ísetning á rúðum í nýjum húsum tilheyrði húsasmiði, en við það hefði ákærði ekki fengizt, heldur aðeins að setja rúður í glugga þar, sem aðrar hefðu verið fyrir. Á þessa skoðun þykir ekki verða fallizt. Starfsemi ákærða við ísetningar á rúðum þykir vera einn liður í iðngrein húsasmiða, enda hefur það komið fram, að í hvert sinn, er sveinspróf fara fram í húsasmiði, eru nemendur jafnan spurðir um rúðúisetningar og það efni, sem til þess þarf, svo að verkið verði rétt unnið.

Ákærði þykir því hafa gerzt brotlegur gegn 2. mgr. 2. gr. laga nr. 105/1936, sbr. lög nr. 18/1927 um iðju og iðnað.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin með hliðsjón af því, að um ítrekað brot er að ræða, 500.00 kr. sekt, er renni til ríkis-

sjóðs, og komi varðhald í 5 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til að greiða sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarínssonar hdl., kr. 800.00.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimundur Bjarnason, greiði 500.00 kr. sekt til ríkissjóðs, og komi 5 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Þórarínssonar hdl., kr. 800.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. apríl 1955.

Nr. 55/1955. **Ákærvaldið**

gegn

Herði Ólafssyni.

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jón Ásbjörnsson og Ólafur Lárusson prófessor.

Kærumál. Þagnarskylda lögmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Varnaraðili, Hörður Ólafsson héraðsdómslögmaður, hefur með kæru 12. þ. m. skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 6. tölulið 172. gr. laga nr. 27/1951. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og honum dæmdur kærumálskostnaður úr ríkissjóði.

Afstaða varnaraðilja til þess manns eða þeirra manna, er hann gerðist milligöngumaður fyrir um lánveitingar, eins og í hinum kærða úrskurði segir, er slík, að hann er ekki bundinn þagnarskyldu gagnvart aðilja þessum eða aðiljum. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.